



*Kæri félagsmaður,
Þann 30. október 2016
fagnar Félag nýrnasjúkra 30
ára afmæli sínu. Við munum
gera okkur dagamun þann
dag og bjóðum þér og öðrum
félagsmönnum í kaffisamsæti
með dagskrá. Nánar um stað
og dagskrána síðar.*

Stjórnin

Félag nýrnasjúkra Hátúni 10, 105 Reykjavík Sími 561 9244, netfang: nyra@nyra.is – vefsíða: nyra.is Facebook. Félag nýrnasjúkra Skrifstofan er opin: miðvikudaga og fimmtudaga kl. 10–16. Svarað er í síma félagsins alla daga. Í Hátúni 10 er Opið hús, fyrsta þriðjudag í mánuði Kl. 17–19 og á Akureyri síðasta fimmtudag í mánuði kl. 20 í safnaðarheimilinu



Nýrað

FRÉTTABRÉF 2. tbl. 29. árg. 2016

**Efni: Hægt á nýrnabiluninni.
Réttur til heibrigðisþjónustu er-
lendis.
Áheit og söfnun í Rvk.maraboni
Boðsbréf í afmæli félagsins**

Er hægt að hægja að framvindu nýrnabilunar?

Í sumum tilfellum er það möguleiki að hægja á þróuninni. og þess vegna **söfnum við nú í Reykjavíkumaraboni fyrir útgáfu bókar** sem leiðbeinir fólki við að hægja á þessu ferli. Í raun má skipta meðferðinni í þrjá jafn mikilvæga hluta:

1. Lyf af ólíku tagi sem eru notuð til að koma í staðin fyrir skerta nýrnastarfsemi.
2. Sérstakt mataræði með minna af próteinum og meiri orku en áður.
3. Heilsusamlegt lífverni.

Sumir nýrnasjúkdómar leiða ó-hjákvæmilega til þess að starfsemi nýrnanna tekur enda (A).

Þegar um er að ræða aðra nýrnasjúkdóma er mögulegt að hægja á þróuninni þannig að hún gangi sæmilega með hægari hnignun (B).

Í einstaka tilfellum getur meira að segja verið hægt að stöðva skerðinguna a.m.k. í ákveðin tíma (C).

Hvort að þróunin verður A, B eða C hjá hverjum og einum verður ekki vitað fyrir víst nema að hann geri sitt besta til

Flestir þurfa nánari skýringar, svo að fyrrnefnd bók er mjög mikilvæg nær öllum sem fá þennan sjúkdóm.



Réttur sjúklinga til að sækja heilbrigðisþjónustu yfir landamæri

Velferðarráðuneytið hefur sett reglugerð um rétt sjúklinga til að sækja sér heilbrigðisþjónustu til annarra aðildarríkja EES-samningsins og fá endurgreiddan útlagðan kostnað sem svarar því að samsvarandi þjónusta hefði verið veitt hér á landi. Byggt er á tilskipun Evrópusambandsins nr. 2011/24/ESB.

Reglugerðin á stoð í nýju ákvæði laga um sjúkratryggingar sem samþykkt var á Alþingi 1. mars. sl. vegna innleiðingar Evróputilskipunarinnar um rétt sjúklinga til heilbrigðisþjónustu yfir landamæri.

Reglugerðin hefur þegar tekið gildi. Þar með er sjúkratryggðum gert kleift að sækja heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki EES-samningsins gegn endurgreiðslu kostnaðar frá sjúkratryggingum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Alþjóðadeild Sjúkratrygginga Íslands gegnir stöðu innlends tengiliðar á Íslandi.

Helstu skilyrði

Með reglugerðinni er sett sú meginregla að sjúklingur þurfi ekki að sækja um samþykki til Sí fyrir að sækja sér heilbrigðisþjónustu erlendis áður en þjónustan er veitt. Frá þessu eru þó undantekningar líkt og kveðið er á um í 9. gr. Þetta á t.d. við ef meðferð krefst innlagnar á sjúkrahús í eina nótt eða lengur, ef meðferð er sérstaklega áhættusöm eða ef ástæða er til að efast um gæði þjónustunnar.

Endurgreiðsla sjúkratrygginga á kostnaði sjúklings vegna heilbrigðis-

þjónustu í öðru landi nemur **að hámarki þeirri fjárhæð sem samsvarandi þjónusta hefði kostað í íslenska heilbrigðiskerfinu. Áskilið er að um sé að ræða þjónustu sem einnig er veitt hér á landi.**

Heimilt er að synja sjúklingi um endurgreiðslu kostnaðar við ákveðnar aðstæður. Þetta á t.d. við ef hægt er að veita þjónustuna hér á landi innan tíma-marka sem talin eru réttlætanagerleg þegar tekið er mið af heilsufarsástandi sjúklings og líklegri framvindu sjúkdóms, ef öryggi sjúklingsins er talið stefnt í hættu eða ef ástæða er talin til að efast um að þjónustan standist lágmarkskröfur um

öryggi og gæði. Nánar er kveðið á um forsendur synjunar í 11. gr. reglugerðarinnar.

Sjúkratryggður sem staddur er í aðildarríki EES-samningsins getur leitað sér heilbrigðisþjónustu þar á grundvelli reglugerðarinnar.



Endurgreiðsla sjúkratrygginga vegna útlagðs kostnaðar sjúklings fer eftir ákvæðum reglugerðarinnar og gildir þá einu hvernig þjónustan er skipulögð, veitt eða fjármögnuð.

Þeim sem óska frekari upplýsinga er bent á að senda fyrirspurn til Alþjóðadeildar Sjúkratrygginga Íslands á netfangið **crossborder@sjukra.is** **Lög nr. 13/2016** <http://www.althingi.is/alttext/stjt/2016.013.html> **Reglugerð nr. 484/2016** <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=a51f2c72-7bad-4f08-bb16->

a5cb25a3df64
Frétt þessi er orðrétt af heimasíðu sjúkratrygginga Íslands: <http://www.sjukra.is/um-okkur/frettir/rettur-sjuklinga-til-ad-saekja-heilbrigdisthjonustu-yfir-landamaeri>



Hægt er að styrkja með áheiti á hlaupara

Eins og sagði hér að framan þá söfnum við nú fyrir útgáfu á mikilvægri bók sem við vonumst til að bæti líðan nýgreindra o.fl. nýmasjúklinga. Leiðbeiningar í bókinni geta hjálpað þeim að draga úr framvindu sjúkdómsins og bæta líðan sína. Nú er því að heita á þetta góða fólk sem hleypur til styrktar félaginu. Þegar þetta er skrifað 11 ágúst hafa þessir skráð sig til hlaups:

Aron Stefán Ólafsson	21 km
Ármann Ólafsson	10 km
Berglind Arndal Ásmundsdóttir	10 km
Brynjar Halldórsson	3 km
Finnur Kolbeinsson	10 km
Halldór Guðmundsson	3 km
Ólafur Kristinn Magnússon	21 km
Ósk Ómarsdóttir	3 km
Svandís Halldórsdóttir	3 km
Sölvi Snær Egilsson	10 km
Þorsteinn E Þorsteinsson	10 km

Það eiga jafnvel fleiri eftir að bætast við. Þeir sem vilja setja inn áheiti, fara inn á síðuna: <https://www.hlaupastyrkur.is/godgerdafelog/charity/38/felag-nyrnasjukra>. Það er einnig hægt að fara inná síðuna hlaupastyrkur.is og velja þar góðgerðafélög og síðan fara í bókstafinn F og velja félagið okkar. Með því að fara svo neðst á síðuna okkar koma í ljós hverjir hlaupararnir eru. Þá er að velja einn og þá koma nánari upplýsingar og valkostir um hvernig styrkurinn er greiddur. Það væri nú gaman ef þetta gengi vel hjá okkur.